

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 109/98
frá 1. desember 1998

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/98 frá 17. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/32/EB frá 22. júní 1998 um breytingu, einkum að því er varðar fasteignaveð, á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Aðlögunarliðir a- og c- við tilskipun ráðsins 89/647/EBE falli niður í kjölfar inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið og aðlögunarliður b) falli niður þar sem ný málsgrein kemur í stað 4. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Aðlögunarliðirnir við tilskipun ráðsins 89/647/EBE sem er að finna í 2. lið III. hluta B-þáttar í XI. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á⁽³⁾ skulu felldir inn í samninginn.

Tilskipun ráðsins 92/30/EBE frá 6. apríl 1992 um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli⁽⁴⁾ sem bætt var við sem 20. lið með ákvörðun sameiginlegu EES-

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 8.7.1999, bls. 130.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 110, 28.4.1992, bls. 52.

nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994⁽⁵⁾ skal einnig talin upp sem breyting á tilskipun ráðsins 89/647/EBE.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað texta 18. liðar (tilskipun ráðsins 89/647/EBE) í IX. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„**389 L 0647**: Tilskipun ráðsins 89/647/EBE frá 18. desember 1989 um eiginfjárlutfall lánastofnana (Stjtið. EB L 386, 30.12.1989, bls. 14), eins og henni var breytt með:

- **392 L 0030**: Tilskipun ráðsins 92/30/EBE frá 6. apríl 1992 (Stjtið. EB L 110, 28.4.1992, bls. 52),
- **1 94 N**: Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1),
- **394 L 0007**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB frá 15. mars 1994 (Stjtið. EB L 89, 6.4.1994, bls. 17),
- **395 L 0015**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB frá 31. maí 1995 (Stjtið. EB L 125, 8.6.1995, bls. 23),
- **395 L 0067**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/67/EB frá 15. desember 1995 (Stjtið. EB L 314, 28.12.1995, bls. 72),
- **396 L 0010**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/10/EB frá 21. mars 1996 (Stjtið. EB L 85, 3.4.1996, bls. 17),
- **398 L 0032**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/32/EB frá 22. júní 1998 (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 26).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/32/EB og aðlögunarliða við tilskipun ráðsins 89/647/EBE sem er að finna í 2. lið III. hluta B-þáttar í XI. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

(⁵) Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 1. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner